

Skýrsla Verðlauna- og styrktarsjóðs Rótarý á Íslandi starfsárið 2013 – 2014

Stjórnin kom saman tvisvar í september 2014, auk þess sem haldnir voru rafrænir fundir í formi tölvupóstsamskipta. Sjóðsstjórnin starfaði samanber „Skipulagsskrá fyrir Verðlauna- og Styrktarsjóð Rótarý á Íslandi“. Verkefni stjórnar var að leggja mat á og velja styrkþega þ.e. veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi eða nýstárlegt framtak, sem unnið er í umdæminu á sviði mennta, lista, vísinda eða atvinnumála, og að styðja samfélagsverkefni.

Staða sjóðsins er góð samanber samþykktu reikninga og er markmiðið að viðhalda þeim stöðuleika en sjóðurinn var endurreistur eftir bankahrunið 2008 og hefur Rótarýumdæmið þar með tryggt framtíð hans.

Sjóðsstjórnina starfsárið 2013/2014:

Jón B. Guðnason formaður, Rkl. Keflavíkur.
Kristinn Halldórsson, Rkl. Seltjarnarness.
Kristján Már Gunnarsson, Rkl. Selfoss.
Sigurrós Þorgrímsdóttir, Rkl. Borgum Kópavogi.
Tryggvi Pálsson, umdæmisstjóri 2011-2012.

Varamenn:

Hanna María Siggeirsdóttir, Rkl. Reykjavík Miðborg.
Margrét Friðriksdóttir, umdæmisstjóri 2010-2011.

Niðurstaða stjórnar var upplýst á Umdæmisþinginu á Selfossi, laugardaginn 12. október 2013 en það voru veittar viðurkenningar til þriggja aðila á félagasvæði Rótarýklúbbs Selfoss og til þess ráðstafað 1.100.000 kr. til:

1. Sæbýli ehf. á Eyrarbakka, sem fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi og nýstárlegt framtak á sviði vísinda og atvinnumála. Sæbýli er að hefja framleiðslu á Sæeyrum og Sæbjúgum til útflutnings og nýtir til þess íslenskt hugvit, heitt vatn og hreinan sjó.
2. Fengur ehf. í Hveragerði, sem fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi og nýstárlegt framtak á sviði atvinnumála. Auk annarra verkefna endurvinnur Fengur spón fyrir íslenskan landbúnað og nýtir til þess íslenskt hugvit, timburúrgang og vistvæna orku.
3. Fjölbrautaskóli Suðurlands, sem fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi og nýstárlegt framtak á sviði mennta og samfélagsverkefna þ.e. menntunar vistmanna á Litla Hrauni og Sogni sem skilar þeim aftur sem betri borgurum til samfélagsins.

F.h. stjórnar Verðlauna- og styrktarsjóðs Rótarý á Íslandi starfsárið 2013 – 2014
Jón B. Guðnason formaður, Rkl. Keflavíkur.